

Ed.

316. Nefndarálit

[136. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en ég vil gera á því breytingar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er ljós vottur þess, hvernig verðbólguþróunin leikur höfuðatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn. Jafnframt er það spegilmynd af því, að núverandi ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar eru þess ekki umkomnir að stöðva þessa ófugþróun. Þess í stað er stöðugt fálmað eftir bráða-birgðaurræðum til að freista þess að halda útgerðinni gangandi næstu mánuði. Sumar þær ráðstafanir eru þó þess eðlis, að þær hljóta beinlínis að magna verðbólguna, og eru því ekki aðeins hæpnar, heldur beinlínis varhugaverðar.

Enda þótt sjávarútvegurinn hafi að undanfögnu búið við óvenjugóð ytri skilyrði, mikil aflabrogð og síhækkandi verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum, verður því ekki neitað, að verðbólgan innanlands er honum afar þung í skauti. Með frv. þessu er ráðgert að veita tilteknum greinum sjávarútvegs og fiskiðnaðar styrk úr ríkissjóði, er nemur um 80 milljónum króna. Hins vegar er ekki þannig um hnútana búið í frv., að stuðningur þessi komi alls kostar réttlátlega niður eða verði fyrst og fremst til hagræðis þeim, sem í mestum erfiðleikum eiga. Til að ráða nokkra bót á þessu flyt ég á sérstöku þskj. tvær breytingartillögur við frv.

Fyrri tillaga mín gerir ráð fyrir, að styrkur til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða verði einkum látinn í té þeim frystihúsum, sem hafa erfiðasta rekstraraðstöðu og því sérstaka þörf fyrir stuðning til þess að geta endurnýjað tæknibúnað sinn og fært hann í hagfellt horf.

Hin tillagan er um það, að styrkur greiddur togurum verði ákveðinn helmingi hærri á úthaldsdag, þegar veitt er fyrir innlendan markað, en þegar aflinn er seldur ísvarinn erlendis.

Í greinargerð fyrir frumvarpi þessu er ráð fyrir því gert, að þeirri útgjaldaaukningu, sem það bakar ríkissjóði, verði mætt með því að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði. Afleiðingin yrði að sjálfsögðu sú, að nokkrar brýnustu neyzluvörur almennings hækkuðu stórlega í verði. Þær verðbreytingar bitna tilfinnanlegast á þeim, sem hafa lægstar tekjur og nota hæstan hundraðshluta þeirra til matvæla-kaupa. Að vísu mundu þessar aðgerðir hækka kaupgjaldsvísitölu, en jafnframt auka verðbólguþróunina, sem sízt er á bætandi með opinberum aðgerðum. Útgjöld ríkisins vegna launagreiðslna mundu enn aukast verulega, svo og þeirra atvinnurekenda í sjávarútvegi og fiskiðnaði, sem frumvarpinu er ætlað að styðja. Stuðningur í þessu formi verður því ákaflega dýr þjóðarheildinni og að líkindum engum til framdráttar, þegar fram í sækti, öðrum en þeim, sem beinlínis hirða verðbólgu-gróðann.

Það er staðreynd, að enda þótt vissar greinar sjávarútvegs þurfi vafalítið stuðnings við, eins og nú er komið, mundi sú tekjuöflunarleið, sem hér er fyrirhuguð, reynast mjög óheppileg og neikvæð. Henni ber því að hafna og leita annarra úrræða, sem ekki hefðu sömu áhrif til aukningar dýrtíðar- og verðbólgu eins og stórfelldar hækkanir á brýnustu lífsnauðsynjum almennings.

Alþingi, 14. marz 1966.

Gils Guðmundsson.